

# Saga og menning - Vinnubók

## Kirkjubæjarklaustur fyrir og um landnám

Finnst ykkur trúlegt að papar hafi lifað hér fyrir landnám norrænna manna, rökstyðjið.

---

---

Hvers vegna dó Hildir Eysteinnsson þegar hann kom að Kirkjubæ?

---

---



Er trúlegt að Hildishaugur sé dys Hildis? Skoðið það og ályktið út frá rannsókni ykkar.

---

---

Hvernig væri hægt að sanna eða afsanna þá kenningu að Hildishaugur hafi í raun verið annarstaðar?

---

---



Er Kirkjugólfið gamalt kirkjugólf? Skoðið það og ályktið.

---

---



Þjóðsögurnar af Sönghelli og Systravatni eru mjög þekktar, finnst ykkur þær trúverðugar og teljið þið að sögurnar hafi haft einhvern tilgang?

Búið til ykkar eigin þjóðsögu um líf systranna á Kirkjubæjarklaustri og ævintýrum þeirra og komið með nýtt ornefni sem tengist þeirri sögu

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---



Þegar munkarnir frá Þykkvabæjarklaustri komu í heimsókn til nunnanna var oft mikil gleði. Búið til stutt leikrit um eina slíka heimsókn.

## Skaftáreldar 1783-1784

Hversu margir bjuggu í sveitunum sem nú mynda Skaftárhrepp, vorið 1783?

---



Ræðið stéttaskiptingu á tímum Móðuharðinda. Hversu margir teljið þið að hafi verið sjálfseigna bændur, hversu margir leiguliðar og vinnufólk hversu margir ómagar? Hverjir voru möguleikar þessara hópa að lifa Móðuharðindin af?



Skoðið tóftina í gamla kirkjugarðinum og líkanið af kirkjunni sem þar stóð og er í Minningarkapellu Sr. Jóns Steingrímssonar. Hversu margir haldið þið að hafi komist fyrir í kirkjunni og hvar sátu sjálfseignabændurnir og hvar ómagarnir voru?



Gangið að Systrastapa og hugleiðið á leiðinni hvernig fólkinu hefur liðið sem þangað gengu árið 1783. Teljið þið að fólkið hafi trúað því að Guð hafi stoppað hraunrennslið? Ef ekki, hvers vegna haldið þið að hraunrennslið hafi stoppast?

---

---

---

---

Úr hverju dó það fólk sem fórst í Móðuharðindunum, teljið allt til?

---

---

---



**Lesið bréf frá bændum í Leiðvallahrepp til embættismanna þar sem þeir skrifa um eynd sína og fara fram á afslátt af jarðaleigu vegna harðindanna vorið 1784. Hvað segir þetta bréf um lífsskilyrði og viðhorf heimamanna til stjórnvalda.**

**Bréf frá bændum í Leiðvallahreppi, 18. júní 1785.**

Höjborni háeðla herra stiftamtman.

Með þessum memorial<sup>1</sup> til neyðunst vér, vesælir og aumir innbyggendur í Leiðvallarhrepp innan Skaftafellssýslu, við kóngins jarðir enn þá hjarandi, innflýjum<sup>2</sup> vér í vorri lífs nauðsyn til yðar herradóms og tjáum yður vort neyðar ástand og lífs fár<sup>3</sup>, að þar sem við vorum hér svo nálægir þeim skaðsama eldsbruna árið 1783 að hann ekki einasta brenndi hér upp jarðir með góssi<sup>4</sup>, kviku og dauðu, og rak oss á flóttu suma hverja, heldur með forgift<sup>5</sup> reykjar gufu og brenni steini fordjarfaði<sup>6</sup> hér allan jarðarinnar á vöxt svo gripirnir dóu hér, eins um sumarið sem um veturinn eftir, frá fullkomnu fódri en þeir fáir, sem eftir hjörðu, magrir og reisa<sup>7</sup> eru enn þá ekki heilbrigðir orðnir vegna þess sjúkleika og enn þá reykjar svælu er enn viðvarir.

Um veturinn 1784 misstum vér flestalla okkar lífs bjargar gripi, bæði úti á jörðinni og líka inni frá nógu fódri, meðal hverra að voru kóngsins jarða [kúgildi](#)<sup>8</sup> okkur byggð og erum við orðnir svo fátækir að við getum eigi skuldir lengur goldið utan við látum þann eina grip sem eftir stendur eður fleiri af mjög fáum og líf vort einasta á stendur. [Nauðsynjar](#)<sup>9</sup> oss því að vita hvert vér skulum þessa okkar fáu gripi í þessar jarðaskuldir úti láta og ganga svo frá, þar ekkert er annað væntanlegt sem við getum úti látið af neinu sem gjaldgengt er. Því inn flýjum vér allra [undir danigast](#)<sup>10</sup> til yðar herradóms, höj borni hr. stiftamtman okkur meðaumkunar [samlega](#)<sup>11</sup> að álíta og hjálpa okkur til lífs bjargar svo við kynnum lífi að halda svo lengi guði þóknast, og framflytja vort málefni til hans majstatis [háprisanlegu](#)<sup>12</sup> náðar, undir hverja vér innflýjum með vort málefni og hér uppá biðjum vér allra auðmjúkast um [náðugt](#)<sup>13</sup> andsvar, og [forblífum](#)<sup>14</sup> svo allir í stærstu undirgefni hr. stiftamtmannsins auðmjúkir [þénarar](#)<sup>15</sup>.  
D. 18. Juni 1785



**Ef slíkt gos yrði í dag, hverjar yrðu afleiðingarnar?**

<sup>1</sup> Minnisblað

<sup>2</sup> Leita náðar hjá

<sup>3</sup> Lífsóhamingja

<sup>4</sup> Jarðeign, eignir

<sup>5</sup> Eitraður

<sup>6</sup> Ónýta, spilla

<sup>7</sup> Afvelta, ómegnugur að rísa á fætur (sökum máttleysis af völdum fæðuskorts).

<sup>8</sup> Verðeining, jafngildi einnar kýr. Fylgifié leigujarðar sem hver ábúandi verður að afhenda þeim er tekur við jörðinni af honum.

<sup>9</sup> Þurfa

<sup>10</sup> Auðmjúkur, lítillátur.

<sup>11</sup> Sameiginlega

<sup>12</sup> Sem verðskuldar lof

<sup>13</sup> Miskunnsamur, mildur.

<sup>14</sup> Halda áfram að vera.


<sup>15</sup> Þjónn

## Frumkvöðlar

Vestur-Skaftfellingar voru sannkallaðir brautryðjendur í raflýsingarmálum landsins en fyrsta vatnsaflsstöðin í sveitinni var reist árið 1913 í Þykkvabæ í Landbroti. Í framhaldinu voru byggðar margar rafstöðvar í sveitinni og í flestum tilfellum sáu heimamenn um alla hönnun og smíði rafstöðva, stíflugerð, byggingu stöðvahúsa og smíði á rörum, túrbínum og rafbúnaði. Að Hólmi í Landbroti bjó Bjarni Runólfsson (f. 1891-1938), sjálfmenntaður bóndi, smiður og brautryðjandi í rafvæðingu landsins.



Setjið upp litla rafstöð með vatninu í læknum. Ímyndið ykkur að þið séuð uppi á tímum Bjarna í Hólmi á fyrri hluta 20. aldar, þegar sveitin var einangruð og menn gátu ekki pantað hluti með póstinum eða skroppið til Reykjavíkur til að kaupa þá. Þið þurfið að finna efni í umhverfi ykkar sem þið getið notað til að fanga vatnið í læknum og fá kraft til að knýja túrbínu. Hér er teikning af gerð heimarafstöðvar:



Hjónin Lárus Helgason og Elín Sigurðardóttir flutti að Klaustri 1906 en þá var hér venjulegur bóndabær en í tíð þeirra varð til þéttbýli. Hvað gerðu þau hjónin sem olli því að hér varð til þorp?

## Listamenn frá Kirkjubæjarklaustri

Nefnið að minnsta kosti fimm frægar byggingar sem Guðjón Samúelsson byggingameistari hannaði.

---

---



Hvaðan haldið þið að Guðjón hafi sótt innblástur í verk sín, sjáið þið eitthvað í náttúrunni sem minnir á eitthvað í byggingarlist Guðjóns?

---

---

Hvað heita Kjarval og Erró fullu nafni?

---

---



Komið ykkur fyrir á góðum stað þannig að þið hafið gott útsýni á Systrastapa. Teiknið svo uppáhalds myndefni Kjarvals og Erró, Systrastapa, með ykkar eigin stíl



**Teiknið nú Systrastapa með stíl Errós eða Kjarvals.**